


Umferðaröryggi erlendra ferðamanna á Íslandi

Umferðarslys á erlendum ferðamönnum hafa verið mjög til umræðu í fjölmiðlum upp á síðkastið. Þá er oftast verið að fjalla um mikla fjölgun ferðamanna og slysa á þeim, en einnig um meinta slysastaði og vanbúið vegakerfi.

Í þessu verkefni voru skoðaðar upplýsingar um umferðarslys úr gagnagrunni Samgöngustofu, sem að mestu eru fengin úr lögregluskýrslum. Einungis reyndist unnt að nota grunn með slösuðum og þar með slysum með meiðslum, sem þeir höfðu slasast í. Eignatjón voru því ekki athuguð. Reynt var að ákvarða, hvort einhverjir eiginleikar kæmu skýrt fram hjá slösuðum



ferðamönnum í samanburði við alla slasaða. Þá voru þessi slys sett á kort til að sjá, hvort ákveðið mynstur kæmi í ljós. Einnig var mikilvægi bílaleiga og trygginga rætt, sem og þjóðerni, orsakir og tegund slysa. Til samanburðar við ástandið á Íslandi var haft samband við Noreg og Nýja-Sjáland, vegna þess að þessi

lönd hafa tiltölulega fáa íbúa, langt og torfarið vegakerfi og mikið af ferðamönnum. Í ljós kom ákveðinn munur hjá þessum löndum innbyrðis og reyndar á þeim og Íslandi, hvað umferðarslys á erlendum ferðamönnum varðar.

Þegar spáð er fram í tímann, þá koma í ljós ýmsir erfiðleikar. Erfitt er að sjá fyrir sér, hvort fleiri ferðamenn sæki landið heim í framtíðinni og kannski sérstaklega, hversu mikið fleiri. Þegar til langs tíma er litið verða allir spádómar enn erfiðari. Vegakerfið þarf augljóslega að laga, en það kostar mikla fjármuni og tekur langan tíma. Þó þyrfti nauðsynlega að gera skammtímaáætlun um lagfæringar slysastaða erlendra ferðamanna, ætla í það fjármagn og forgangsraða. Einnig þyrfti að stórauka sjálfvirkt umferðareftirlit, áróður og upplýsingagjöf, sérstaklega að vetrarlagi.

Þessu verkefni er ekki lokið, en gert er ráð fyrir, að skýrsla komi út um áramót. Hér er því um að ræða bráðabirgðaniðurstöður. Þó hafa þegar komið í ljós ýmis athyglisverð atriði, sem verða sett nánar fram í fyrirlesturinum á Rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar 28. október.